

Fjölmennning

Á Hjallatúni er stór hluti barnahópsins tvítýngd börn og er meirihluti þessara barna pólsk. Við leggjum áherslu á að efla íslenskukunnáttu hjá þessum börnum til jafns við það að þau hafi tækifæri til að viðhalda sínu móðurmáli í leik og starfi. Frá því í apríl 2013 höfum við verið að þróa nýjar leiðir í íslenskukennslunni fyrir tvítýngd börn. Ingibjörg Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri hefur yfirumsjón með íslenskukennslu fyrir tvítýngd börn á leikskólanum og henni til aðstoðar eru tveir pólskir leikskólakennarar. Á sl. vorönn var foreldrum pólskra barna boðið á fyrirlestur um „Læsi og tvítýngi” með pólskum túlki. Ingibjörg útskýrði efni fyrirlesturins í foreldraviðtölum fyrir þeim foreldrum barna sem hafa annað móðurmál en pólsku. Markmiðið er að halda fyrirlestur á hverju skólaári fyrir foreldra um áherslur íslenskukennslunnar og mikilvægi þess að foreldrar tali móðurmál sitt við börnin sín. Í íslenskukennslunni er lögð áhersla á að efla þá þætti sem stuðla að læsi. Aðal áherslan er lögð á að efla orðaforða. Stuðst er við aðferðir sem nefnast Orðaspjall og Samræðulestur til að efla orðaforða barnanna. Börnin fá bæði útskýringar á orðum á íslensku og pólsku sem aðstoðarkennarinn í tímunum sér um. Börnin fá því bæði orðaforðakennslu í íslensku og um leið á sama tíma einnig í sínu móðurmáli. Barnahóparnir eru fjórir, tveir á eldri ganginum og tveir á yngri ganginum og er unnið tvær vikur í senn með hópana á hvorum gangi fyrir sig. Hugmyndin er að þróa þetta enn meira og að virkja foreldra enn betur.

